



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 11. desember 2023

2312011SA VRB  
Málalýkill: 00.63

### **Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um húsnæðisstefnu fyrir árin 2024-2028 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun, 509. mál**

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 27. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga um tillögu til þingsályktunar um húsnæðisstefnu fyrir árin 2024-2028 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028.

Í stefnunni er sett fram framtíðarsýn, lykilviðfangsefni, markmið, áherslur og mælikvarðar ásamt því að henni fylgir aðgerðaáætlun með 43 skilgreindum aðgerðum.

Fyrir liggur [stefnumörkun](#) Sambands Íslenskra sveitarfélaga fyrir árin 2022-2026, þar sem m.a. er að finna sérstakan kafla um skipulags- og húsnæðismál, sem að stærstum hluta vísar til markmiða í [rammasamningi](#) um aukið framboð húsnæðis og sameiginlega sýn ríkis og sveitarfélaga um stefnu í húsnæðismálum, sem undirritað var á síðasta ári. Sambandið er aðili að samkomulaginu ásamt innviðaráðuneytinu og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

Að mati sambandsins er ágætis samhljómur á milli þingsályktunarinnar, stefnumörkunar sambandsins og fyrrgreinds rammamnings. Sambandið hefur átt góða aðkomu að stefnunni á vinnslustigi og tekið hefur verið tillit til ábendinga sambandsins við vinnslu stefnunnar.

Heilt yfir tekur sambandið því undir það sem fram kemur í stefnunni og styður þær aðgerðir sem þar eru tilgreindar þó að auðvitað geti verið skiptar skoðanir á útfærslu þeirra meðal sveitarfélaga. Í skýringum með stefnunni segir m.a.:

„Mikilvægt er að virkt samráð verði milli ríkis og sveitarfélaga um framgang stefnunnar og aðgerðaáætlunar hennar. Í því sambandi er gert ráð fyrir að stofnaður verði sérstakur samráðsvettvangur ríkis og sveitarfélaga sem annist einnig eftirfylgni með rammamningi ríkis og sveitarfélaga um aukið framboð íbúða 2023–2032 og sameiginlega sýn og stefnu í húsnæðismálum, sem og einstökum samningum sem gerðir eru á grundvelli hans. M.a. er gert ráð fyrir að þar verði teknir til skoðunar þeir þættir sem staðið geta nauðsynlegri innviðauppgjöngu í tengslum við húsnæði fyrir þrifum. Þá verði enn fremur fjallað um kostnaðaráhrif einstakra aðgerða á sveitarfélögin þegar nánari útfærsla þeirra liggur fyrir, að undangengnum þeim verkþáttum sem tilgreindir eru í hverri aðgerð.“

Sambandið tekur sérstaklega undir mikilvægi samráðs og eftirfylgni og þess að við útfærslu aðgerða verði lagt mat á kostnað og fjármag til verkefna tryggt.

Að lokum leggur sambandið áherslu á að horft verði á húsnæðismál í hinu stóra samhengi. Í stefnunni er sett fram það markmið að sveitarfélög tryggi að nægar lóðir séu til uppbyggingar á hverju ári svo uppbygging svari þörf. Í því samhengi verður að horfa til þess að hlutverk sveitarfélaga er ekki eingöngu að útvega lóðir heldur bera þau ábyrgð á að byggja upp gott samfélag og veita ýmiskonar þjónustu s.s. hvað varðar uppbyggingu og rekstur leik- og grunnskóla og íþróttamannvirkja. Tekjustofnar sveitarfélaga verða því að haldast í hendur við þær kröfur sem til þeirra eru gerðar og því er afar mikilvægt að öllum aðgerðum sem fela í sér aukinn kostnað fyrir sveitarfélög fylgi fullnægjandi fjármögnun.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Valgerður Rún Ben.

Valgerður Rún Benediktsdóttir  
yfirlögfræðingur